

## AUGLÝSING

45

um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

9. marz

Á eftir 33. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að selja kjöt af nautgripum, hrossum, svinum og sauðfé í opinberum kjötsölustöðum, nema slátrað hafi verið í viðurkenndu sláturhúsi, enda hafi kjötið verið flokkað og stimplað af dýralækni eða öðrum löggiltum kjötskoðunarmanni. Ef selja á kjöt í kjötsölustöðum bæjarins frá sláturhúsum utan hans, skal heilbrigðisskoðun fara fram að nýju, áður en sala þess hefst.

Breyting þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. marz 1948.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nemendasjóð Samvinnuskólans“, 46  
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. marz 1948. 18. marz  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Samvinnuskólans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Samvinnuskólans.

2. gr.

Stofnfé hans eru kr. 1000.00, sem nemendur og kennarar skólans hafa lagt fram. Í sjóðinn skal renna hagnaður allur, sem verða kann af árhátíðum skólans. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styrkja nemendur Samvinnuskólans, ef veikindi her að höndum, og að veita þeim námsstyrki.

4. gr.

Eigi má verja ár hvert meira fé úr sjóðnum en nemur  $\frac{3}{4}$  ársvaxta hans. Hinn hluti vaxta og aðrar tekjur leggst við höfuðstól.

Styrki skal eigi veita fyrr en sjóðurinn er orðinn 20000 kr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Tvo kjósa nemendur úr sínum hópi til árs í senn, en skólastjóri er sjálfkjörinn formaður.